

## Inngangur

Rannsókn þessi fjallar um uppbyggingarferli eftir uppsagnir hjá upplýsingatæknifyrirtækinu Teris. Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 fannst höfundi áhugavert að skoða hvað slíkt uppbyggingarferli felur í sér og hvaða aðferðir stjórnendur nota í slíku ferli. Efnahagshrunið hafði talsverð áhrif á Teris og þurftu stjórnendur að grípa til niðurskurðar sem meðal annars fól í sér uppsagnir starfsmanna.

Margar rannsóknir benda til þess að stjórnendur séu oft ekki nægilega vel undirbúnir þegar takast þarf á við niðurskurð og uppsagnir í kjölfar efnahagsþrenginga. Áður fyrr var lögð meiri áhersla á þá sem var sagt upp en í seinni tíð hafa fræðimenn beint sjónum sínum í auknum mæli að eftirlifendum.

Rannsóknin, sem hér um ræðir, var unnin í samvinnu við hugbúnaðarfyrirtækið Teris. Í kjölfar bankahrunsins þurfti Teris að skera talsvert niður í rekstri og fækka starfsmönnum. Höfundi fannst áhugavert að framkvæma rannsókn í samvinnu við fyrirtæki sem gengið hefur í gegnum slíkar breytingar og skoða hvaða aðferðir hafa verið notaðar við uppbyggingu í kjölfar þeirra.

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

- *Hver eru áhrif uppsagna á líðan eftirlifenda?*
- *Hvaða áhrif hafa aðferðir stjórnenda í uppbyggingarferlinu haft á líðan eftirlifenda?*

Í rannsókninni er notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Tekin voru alls átta viðtöl, sex við starfsmenn og tvö við stjórnendur. Nauðsynlegt þótti að taka viðtöl við stjórnendur til þess að fá vitneskju um þær aðferðir sem notaðar hafa verið í uppbyggingarferlinu.

Í kjölfar uppsagna þurfa stjórnendur að gera sér grein fyrir þeim hættum sem fylgja því ef réttum aðferðum er ekki beitt. Algengt er að stjórnendur fái þjálfun í því að orða hlutina þegar færa á starfsfólki slæmar fréttir en litla sem enga þjálfun í því hvernig ná eigi bata eftir erfiða tíma (Salemi, 2005).

Fræðileg umfjöllun rannsóknarinnar er einkum sótt til umfjöllunar um starfsánægju, breytingastjórnunar, sálfræðilega samningsins, niðurskurðar, uppsagna og uppbyggingu eftir uppsagnir. Vísað er í skrif og rannsóknir fræðimanna á þeim sviðum og í umræðukafla verður leitast eftir því að tengja niðurstöður rannsóknarinnar við skrif fræðimanna.

Ritgerðin skiptist þannig að á eftir inngangi, þar sem markmiðum rannsóknarinnar eru gerð skil, er sett fram fræðileg umfjöllun þar sem starfsánægja er skilgreind og sálfræðilega samningnum eru gerð ýtarleg skil. Skoðuð verða viðbrögð við breytingum og fjallað um hlutverk stjórnenda í breytingum. Þar næst verður fjallað um mannauð í kreppu þar sem niðurskurði, uppsögnum og líðan eftirlifenda verða gerð ýtarleg skil. Farið verður yfir helstu kenningar uppbyggingarferlis og rýnt í nokkur líkön. Að auki verður fjallað um íslenskan vinnumarkað, hver þróun hans er og hvaða horfur eru í atvinnumálum á Íslandi næstu misserin. Að lokum verður fjallað um fyrirtækið í rannsókninni þar sem saga Teris er rakin og starfseminni eru gerð skil.

Í aðferðafræðihluta ritgerðarinnar er greint frá þeim aðferðum sem notast var við í rannsókninni. Þar eru rannsóknarspurningarnar settar fram, gerð grein fyrir vali á þátttakendum og greint frá gagnaöflun og úrvinnslu.

Í niðurstöðum verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Fyrst verður fjallað um vinnustaðinn fyrir uppsagnir, því næst uppsagnarferlið og að lokum uppbyggingarferlið og þær aðgerðir sem notast var við.

Í umræðum verður leitast við að svara þeim rannsóknarspurningum sem lagt var upp með í upphafi þessarar rannsóknar. Þær niðurstöður verða skoðaðar með hliðsjón af skrifum og rannsóknnum sem vísað var til í fræðilega hluta ritgerðarinnar. Að lokum verður fjallað um þann lærdóm sem má draga af þessari rannsókn, annmarkar rannsóknar dregnar fram og að lokum settar fram tillögur að frekari rannsóknnum.

